

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 431/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)

Sakarskipting. Hringtorg.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20. nóvember 2025, ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir V1, dags. 10. desember 2025.
3. Athugasemdir V2, dags. 24. febrúar 2026, ásamt fylgigögnum.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. mars 2026

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins varð árekstur 19. september 2025 á milli A og B, en eigandi hennar er M, á hringtorgi á Vesturlandsvegi við Álafossafleggiarann. Í aðdraganda árekstursins var báðum bifreiðum ekið eftir Vesturlandsvegi til norðurs, nánast samsíða. A var á vinstri akrein en B á hægri akrein. Þegar A og B var ekið inn í hringtorgið héldu þær sömu staðsetningu, þ.e. A var ekið inn í innri hring og B var ekið inn í ytri hring. Stuttu eftir að ökumaður A ók inn í hringtorgið beygði hann til hægri ók inn í hlið B og urðu báðar bifreiðarnar fyrir töluverðu tjóni. Ökumaður A ætlaði út á fyrstu gatnamótum hringtorgins eftir innakstur en B á öðrum gatnamótum. V1 skipti sök til helminga á milli A og B. Tjónanefnd vátryggingafélaganna komst að sömu niðurstöðu og vísaði í rökstuðningi til þess að A hafi ekið af innri akrein hringtorgs út á fyrstu gatnamótum þess og B hafi ekki veitt umferð um innri akrein forgang við akstur út úr hringtorginu. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskoti er á því byggt að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum. Ökumaður A hafi brotið gegn ákvæði 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í ákvæðinu sé kveðið á um að ökumenn sem ætla út á fyrstu gatnamótum hringtorgs skuli vera á hægri akrein þegar þeir koma inn í hringtorgið. M telur að fyrirmælum í 2. málsl. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga verði ekki vikið að hluta til hliðar vegna fyrirmæla í 3. málsl. 6. mgr. 19. gr. um forgangsréttar innri hrings. Þá byggir M á því að honum hafi verið ómögulegt að forða árekstrinum, bifreiðum hafi verið ekið samhliða, beygju A út úr hringtorginu hafi borið hratt að og ökumaður A hafi ekki gefið stefnuljós. Með málskoti fylgdi ítarleg greinargerð M þar sem færð eru rök fyrir því að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum. Í rökstuðningi M kemur m.a. fram að hann telji að reglan í 2. málsl. 6. mgr. 19. gr. sé almenn regla en reglan í 3. málsl. 6. mgr. 19. gr. sé sérregla sem gangi frammar hinni almennu reglu. Þá kemur fram að A hafi ekki verið ekið eftir innri akrein hringtorgsins, henni hafi verið ekið inn á innri hringinn og beint út aftur, enda mjög stutt vegalengd milli innakstursins og fyrstu gatnamóta út úr hringtorginu. Þessar aðstæður ættu ekki að geta skapað forgangsrétt. Jafnframt er á það bent að ökumaður A hafi brotið gegn fyrirmælum í 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga. M telur að aðgæsluleysi ökumanns A falli undir að vera slíkt stórkostlegt gáleysi að jaðri við ásetning. Gjörsamlega ómögulegt hafi verið fyrir M að forðast árekstur við A í umrætt sinn. Einnig hafi götumerkingum í hringtorginu þar sem áreksturinn varð verið ábótavant, því brotalínan sem er milli akreina í hringtorginu hafi ekki verið til staðar í umræddu hringtorgi. M hafi ekki ekið yfir brotalínu á ytri hring á þeim stað þar sem áreksturinn átti sér stað. Af þessum sökum hafi aðstæður verið sambærilegar við að M væri að skipta um akrein milli innri og ytri hrings, en slíkt sé óheimilt skv. lokamálslið 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Með vísan til framangreinds gerir M þá kröfu að nefndin endurskoði sakarskiptingu V1 og að öll sök verði lögð á ökumann A. Til vara er þess krafist að ökumaður A verði látinn bera meirihluta sakar.

Í athugasemdum V1 er byggt á að skipta beri sök til helminga á milli A og B. Með vísan til framburðar ökumanna og 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga sé ljóst að hvorugur ökumanna hafi gætt nægjanlega að þeim reglum sem fram koma í 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Til stuðnings afstöðunni vísar V1 til úrskurða nefndarinnar nr. 47/2025, 48/2025 og 78/2024.

Í athugasemdum V2 er byggt á að A beri alla sök á árekstrinum. V2 byggir á því að 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga hafi verið sett til þess að koma í veg fyrir nákvæmlega eins árekstur og um ræðir í máli

Þessu. Brot ökumanns A gegn umræddri reglu sé orsök árekstursins. Að öðru leyti er tekið undir rökstuðning M.

Í viðbótarathugasemdum M eru færð fram ítarleg rök gegn því sem fram kemur í athugasemdum V1. M ítrekar m.a. að lýsing V1 varðandi stefnumerki sé villandi sem og framsetningu á 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. M tekur undir athugasemdir V2.

Álit.

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjategyggingar segir að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Í 5. gr. sömu laga segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til háttænisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í málinu er deilt um hvernig sök skuli skipt milli A og B vegna áreksturs 19. september 2025. Í málinu er ekki ágreiningur um málsatvik.

Í 2. málslíð 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslíð sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum ætlaði ökumaður A út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið og bar honum því að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið. Þess gætti ökumaður A ekki. Hins vegar bar M að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá fyrstu gatnamótunum, sbr. 3. málsl. sömu málsgreinar. Verður ráðið af gögnum málsins að M hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði í umrætt sinn. Það verður þó ekki fram hjá því litið að ökumaður A beygði fyrirvaralaust til hægri þegar A og B voru nánast samsíða og ökumaður A gaf ekki stefnuljós. Meta verður sök ökumanna með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum og aðstæðum öllum og skiptist sök þannig að M ber 1/3 hluta sakar og ökumaður A ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

M ber 1/3 hluta sakar og ökumaður A ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir